

**128** — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um*  
 16. okt. breytingu á takmörku'm læknishjeraða<sup>1</sup>. — Samkvæmt lögum um aðra skipun á læknahjeruðum á Íslandi o. fl. 15. oktbr. 1875, 1. gr. skal takmörkunum milli hins 8. og 9. af læknahjeruðum þeim, er stofnuð voru með tjeðri lagagrein, breytt eins og nú segir; og hafa bæði sýslunefndir þær, er hlut eiga að máli, sagt sig ásáttar um það, og landlæknir ráðið til þess.

Attunda læknishjerað skal eptirleiðis taka yfir alla Húnavatnssýslu, að fráskildum Bólstaðarhlíðarhreppi, er skal fylgja niunda læknishjeraði eins og hingað til.

Þessi breyting á hjeraðaskiptingunni öðlast gildi 1. janúar 1878.

Eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar er hjer með enn fremur fyrir skipað samkvæmt 2. grein nefndra laga

að hjeraðslæknirinn í 8. læknishjeraði skal fyrst um sinn hafa aðsetur annaðhvort í Sveinsstaðahrepp eða utarlega í Víðidal, og

að hjeraðslæknirinn í 9. læknishjeraði skal hafa aðsetur vestan Hjeraðsvatna, á svæðinu frá Sauðárkrók fram að Víðimýri, að Vallhólmi með töldum.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

**129** — *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um leyfi til að taka*  
 31. okt. lán. — Með þessu brjefi var bæjarstjórninni leyft að taka 2000 kr. lán til þess að kaupa viðauka við lóð barnaskólans.

**130** — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um skaðabætur*  
 31. okt. fyrir niðurskurð á sauðfje. — Eptir að jeg hefi meðtekið með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 10. þ. m. bæði álit það, sem jeg beiddist í brjefi frá 15. oktbr. f. á. og brjefi frá 19. desbr. s. á. frá sýslumanninum í Borgarfjarðarsýslu viðvíkjandi kæru, sem bóndinn Pjetur Þorsteinsson á Grund hafði komið fram með um, að ekki hafi verið borgaðar sjer að öllu leyti skaðabætur fyrir niðurskurð á fje, sem hann segir, að yfirvald sitt hafi hvatt sig til veturinn 1874—75, og sýslunefndin í Borgarfjarðarsýslu þar eptir hafi úthlutað sjer skaðabótum fyrir, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður það sem nú segir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

Sýslumaðurinn hefir í brjefi sínu skýrt frá, að sýslunefndin í Borgarfjarðarsýslu hafi á fundi að Leirá 15. marz 1875 komizt að þeirri niðurstöðu, að tiltækilegast væri til að stöðva útbreiðslu fjárkláðans, er þá hafði gjört vart við sig í sýslunni, að fá þá bændur, er fengju fjárkláða í fje sitt, til þess að skera það niður, gegn endurgjaldi frá þeim bændum er ekki skæru. Hafi beiðandi verið á þessum fundi og lofað að skera fje sitt, ef kláði kæmi í það. En þegar nokkrum dögum síðar kláði fannst í fje beiðandans og nábúa hans, hafi þeir talið vankvæði á því að skera og beið sig að kalla saman nýjan nefndarfund; en hann hafi þá 25. marz s. á. skipað beiðandanum að taka fje sitt á hús og hey og lækna það, jafnframt því að hann með öðrum manni sæi um lækningar á tveim öðrum bæjum, er einnig hefði orðið vart við kláða á. Með því að beiðandinn

1) Sama dag var landlækninum tilkynnt brjef þetta.

tröysti sjer ekki til að framkvæma þessa skipun, hafi hann skorið mestalt fje sitt, og hafi sýslunefndin úthlutað honum 1174 kr. skaðabótum fyrir þennan skurð. **130**  
31. okt

Samkvæmt sveitarstjórnarlögunum ber sýslunefndinni ekkert vald til að gjöra ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum, og sýslumaðurinn hefði því ekki átt að bera mál þetta undir sýslunefndina; en hvað ályktun þá snertir, sem sýslunefndin hefir gjört um að greiða þeim skaðabøtur, er vildu skera niður kláðagrunað fje sitt, þá er það ljóst af ákvörðunum þeim, sem áminnst lög hafa inni að halda um fjárveitingarvald sýslunefndar, að samþykkis amsráðsins hefði þurft með til þess að gjöra ályktun þessa bindandi fyrir sýslufjelagið. Með því að ekki hefir komið neitt fram um, að amtsráðið hafi veitt slíkt samþykki, verður að vísa beiðandanum til að lögsækja sýslunefndarmennina, ef ekki tekst að fá það, sem eptir stendur af skaðabótum þeim, er honum hafa verið úthlutaðar, greitt með góðu.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu og landfógeta um styrk handa yfirsetukonum.* — Þeim 200 kr., sem 3. gr. konungsbr. frá 20. júní 1766 skipar fyrir, að úthluta skuli yfirsetukonum hjer á landi, var samkvæmt tillögum landlæknis skipt meðal 50 yfirsetukvenna í suður- og vesturumdæminu, þannig, að hver þeirra fjekk 4 kr. **131**  
5. nóv.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um borgun fyrir að útvísa nýbýli.* — Í brjefi frá 6. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá, að Halldór nokkur Bjarnason á Litlu-Gröf í Mýrasýslu hafi 30. sept. 1873 útvegað skipun amtsins til þess, að sjer yrði útvísað land til nýbýlis í Langavatnsdal samkvæmt tilskip. frá 15. apríl 1776. En þegar útvísun þessi átti fram að fara 30. júní þ. á., og sýslumaðurinn með tilkvöddum mönnum var kominn þangað, sem nýbýlið átti að stofnast, hafi beiðandinn lýst yfir því, að hann væri hættur við áform sitt, og hafi þess vegna engin útvísun fram farið. Sýslumaðurinn hefir samt óskað sjer útborgað fullt gjald úr landssjóði fyrir þessa útvísun samkvæmt 8. gr. binnar nefndu tilskipunar, og hafið þjer lagt beiðni þessa undir úrskurð minn, um leið og þjer takið fram, að tilskipunin hafi ekki gjört beinlínis ráð fyrir því, sem hjer hafi átt sjer stað, að hlutadeigandi tæki aptur beiðni sína um að fá útvísað nýbýli, en að umtalsmál geti orðið um að heimfæra til þessa tilfellis ákvörðun tilskipunarinnar um borgun fyrir nýbýlisgjörð, þegar nýbýlinu verður ekki vegna einhverra mótmæla útvísað; en samt virðist næst að álitá, þegar eins stendur á og hjer, að beiðandinn eigi að greiða sjálfur kostnaðinn, og að hann ekki geti heimtað, að kostnaðurinn sje greiddur úr opinberum sjóði, og þá geti jafnvel komið til tals, að skoðunarmönnum og sýslumaðni beri fullt gjald fyrir gjörðina, eins og útvísunin hefði farið fram. **132**  
13. nóv.

Fyrir því skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að jeg er yður samdóma um, að beiðandanum beri að greiða sjálfum kostnaðinn við hina áminnstu gjörð.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsýfirvaldanna um barnaskólann á Ísafirði.* **133**  
— Eptir að hafa meðtekið álit yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, um frumvarp **133**  
15. nóv.